



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

FIMMTA AÐALDEILD

ÁKVÖRÐUN

Kæra nr. 27768/17,
Kristbjörn GUNNARSSON
gegn Íslandi

Mannréttindadómstóll Evrópu (fimmta aðaldeild), sem situr í nefnd hinn 6. október 2020 skipaðri:

Mārtiņš Mits, *forseta*,

Latif Hüseyinov,

Mattias Guyomar, *dómurum*,

og Anne-Marie Dougin, *settum varadeildarritara*,

með hliðsjón af framangreindri kæru, sem lögð var fram 5. apríl 2017,

hefur að aflokinni umfjöllun sinni komist að eftirfarandi niðurstöðu:

MÁLSATVIK

1. Kærandi, Kristbjörn Gunnarsson, er íslenskur ríkisborgari, fæddur 1974 og búsettur í Garðabæ. Kæra hans var lögð fram 5. apríl 2017. Í fyrirsvari fyrir hann var Árný Sigurbjörg Guðjónsdóttir, lögmaður í Reykjavík.

A. Málavextir

2. Málavextir, eins og þeir voru settir fram af kæranda, eru í samantekt sem hér segir:

3. Kæranda var stefnt í einkarefsimáli, þar sem honum var gefið að sök að hafa ófrægt stefnanda á samfélagsmiðlum. Krafðist stefnandi þess að tiltekin ummæli, sem stefndi hefði birt, yrðu dæmd dauð og ómerk og að stefnda yrði dæmd refsing og honum gert að greiða sér miskabætur. Ummælin um stefnanda, sem nýlega hafði verið skipuð í embætti sóknarprests, vörðuðu staðhæfingar um að hún hefði staðið í vegi fyrir því að faðir barna hennar og fjölskylda hans umgengjust börnin og þannig brotið gegn úrskurðum sýslumanns þar sem kveðið var á um umgengnisrétt föðurins. Faðirinn, sem var skyldmenni kæranda, hafði verið sakaður af stefnanda um heimilisofbeldi.

4. Með dómi, sem kveðinn var upp 5. október 2016, dæmdi héraðsdómur Reykjaness kæranda í hag. Var það niðurstaða réttarins að stefnanda hefði vissulega verið gert að greiða sekt fyrir að standa í vegi fyrir því að faðirinn umgengist börn sín. Í ljósi þessa, og í ljósi þeirrar staðreyndar að stefnandi hefði sjálf fjallað opinberlega um málið, gætu ummæli kæranda ekki talist meiðyrði. Þá taldi héraðsdómur enn fremur að í ljósi málsatvika væri rétt að hvor aðili bæri sinn kostnað af málinu, en um fjárhæð hans hefur dómstóllinn ekki upplýsingar.

5. Kærandi reyndi að áfrýja málinu til Hæstaréttar í því skyni að fá ákvörðuninni um málskostnað hnekkt, en honum var synjað um áfrýjunarleyfi 24. mars 2017. Í ákvörðun Hæstaréttar var bent á að þótt málið varðaði mikilvæg og viðkvæm málefni snerist deilan sem eftir stæði einungis um málskostnað og að samkvæmt einkamálalögum (sjá 6. mgr. hér fyrir neðan) væri dómurum veitt umtalsvert svigrúm til mats við ákvörðun slíks kostnaðar. Í ljósi þess að ekki væri hægt að halda fram að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið skert með þeirri ákvörðun að gera honum að bera eigin málskostnað og að skorður við möguleikum á áfrýjun brytu ekki gegn rétti til aðgangs að dómstóli væru skilyrðin fyrir leyfi til áfrýjunar samkvæmt a- og c-liðum 4. mgr. 152. gr. ekki uppfyllt (sjá 6. mgr. hér fyrir neðan).

B. Tilvísun til laga

6. Viðeigandi ákvæði laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, – hér eftir „einkamálalög“ – á þeim tíma sem um ræðir voru svohljóðandi:

XX. kafli – Gjafsókn

125. gr.

„1. Í þessum kafla er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn.

2. Ráðherra skal skipa nefnd þriggja lögfræðinga, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir um gjafsókn ...

...

4. Ráðherra veitir gjafsókn eftir umsókn aðila. Hún verður því aðeins veitt að gjafsóknarnefnd mæli með því.“

126. gr.

„1. Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. að fjárhag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,

b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

...“

127. gr.

„1. Að því leyti sem hér er ekki mælt á annan veg skuldbindur gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli. Gjafsókn má þó takmarka þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti hæst numið tiltekinni hámarksfjárhæð.

...“

XXI. kafli – Málskostnaður

130. gr.

„1. Sá sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

2. Stefnanda skal gert að greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi eða það er fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann er krafinn um í máli.

3. Nú vinnur aðili mál að nokkru og tapar því að nokkru eða veruleg vafaatriði eru í máli, og má þá dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu. Eins má fara að ef þeim sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað.

4. Nú eru rekin fleiri dómsmál en eitt sem hefði mátt komast hjá með því að sækja kröfur í þeim öllum í einu máli, eftir atvikum sem gagnkröfu, og má þá lækka málskostnað handa þeim sem vinnur mál af tilliti til þess, sbr. einnig 2. mgr. 27. gr.“

XXV. kafli – Áfrýjun

152. gr.

„1. Nú varðar mál fjárkröfu og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 300.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1992 ...

...

3. Ef mál varðar annars konar kröfu en fjárkröfu ákveður Hæstiréttur hvort hagsmunirnir svari til áfrýjunarfjárhæðar. Áður en ákvörðun er tekin getur Hæstiréttur leitað umsagnar málsaðila.

4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárhæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi,

b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,

ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.“

KÆRUEFNI

7. Kærandi kvartaði undan því, með vísan til 6. og 10. gr. mannréttindasáttmálans, að ákvörðunin um að gera honum að bera eigin málskostnað hefði verið óréttlát og að með henni hefði verið brotið gegn rétti hans til tjáningarfrelsis. Enn fremur kvartaði hann undan því, með vísan til 6.

gr. mannréttindasáttmálans, að með ákvörðun um að synja honum um áfrýjunarleyfi hefði verið brotið gegn rétti hans til aðgangs að dómstóli. Loks kvartaði hann undan því, með vísan til 14. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. 10. gr. sáttmálans, að í hinni umdeildu ákvörðun hefði falist mismunun gagnvart þeim sem stæðu höllum fæti fjárhagslega að því er varðar tjáningarfrelsi.

LAGAATRIÐI

A. Meint brot gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmálans

8. Viðeigandi hluti 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti ... skal hann eiga rétt til réttlátrar ... málsmeðferðar fyrir ... dómstóli ...“

9. Þótt kærandi hefði haldið uppi árangursríkum vörnum í meiðyrðamálinu sem höfðað var gegn honum var honum ekki dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Þetta var skýlaust heimilt samkvæmt 130. gr. einkamálalaga (sjá 6. mgr. hér að framan), þar sem kveðið er á um að sá sem tapar einkamáli „[skuli] að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað“ og síðan kveðið á um nokkrar undantekningar frá þeirri almennu reglu. Eins og fram kemur í ákvörðun Hæstaréttar frá 24. mars 2017 veitir ákvæðið dómurum talsvert svigrúm til mats við ákvarðanatöku um greiðslu málskostnaðar í hverju máli fyrir sig.

10. Dómstóllinn vekur athygli á því að það telst ekki í sjálfu sér brot gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar að gera málsaðila að bera eigin málskostnað þrátt fyrir sigur í málaferlum. Engu að síður geta fjárhagsmál skipt máli fyrir réttinn til sanngjarnar málsmeðferðar og aðgangs að dómstóli samkvæmt 6. gr. Til að mynda kann rétturinn til raunhæfs og virks aðgangs að dómstóli að kalla á að málskostnaður sé ekki óhóflegur (sjá *Kreuz gegn Póllandi*, nr. 28249/95, 60.-67. mgr., ECHR 2001-VI), að veita skuli gjafsókn við tilteknar aðstæður (sjá *Steel og Morris gegn Bretlandi*, nr. 68416/01, 61. mgr., ECHR 2005-II), og að ríkinu skuli ekki dæmdur óhóflegur málskostnaður sem gagnaðila á eigin vegum er gert að greiða, þannig að það rýri kjarna réttarins til aðgangs að dómstóli (sjá *Klauz gegn Króatíu*, nr. 28963/10, 97. mgr., 18. júlí 2013).

11. Dómstóllinn veitir því þó athygli að ekkert af framangreindu á við í þessu máli. Af þeim skjölum sem bárust dómstólnum virðist mega ráða að kærandi hafi ekki sótt um gjafsókn samkvæmt XX. kafla einkamálalaga (sjá 6. mgr. hér að framan). Enn fremur hefur kærandi ekki lagt fram nein gögn varðandi fjárhæð málskostnaðar síns eða fjárhagsstöðu sína, þótt þær upplýsingar skipti sköpum fyrir umfjöllun um kæru hans. Þegar litið er til þess að málið var tiltölulega einfalt, sem réðist á einu dómstigi og engin vitni virðast hafa verið kölluð til, og þar sem engin gögn liggja fyrir um hið

gagnstæða má gera ráð fyrir að málskostnaður hafi ekki verið óyfirstíganlegur.

12. Í ljósi framangreinds sér dómstóllinn ekkert sem bendir til þess að synjunin um greiðslu málskostnaðar hafi haft neikvæð áhrif á sanngirni málsmeðferðarinnar eða að synjunin hafi farið gegn kjarna réttarins til aðgangs að dómstóli.

13. Dómstóllinn telur því að kæra þessi sé augljóslega illa grunduð og hafnar henni með vísan til a-liðar 3. mgr. og 4. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans.

A. Meint brot gegn réttinum til aðgangs að dómstóli samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmálans

14. Kærandi var synjað um áfrýjunarleyfi af þeirri ástæðu að ágreiningurinn um málskostnað náði hvorki þeirri lágmarksfjárhæð sem nægði til áfrýjunar (*ratione valoris*), né heldur varðaði hún sérlega knýjandi persónulega eða almenna hagsmuni sem nægðu til þess að réttlæta veitingu áfrýjunarleyfis (sjá 5. og 6. mgr. hér að framan).

15. Með 6. gr. mannréttindasáttmálans eru sanningsríki ekki skylduð til þess að koma á fót áfrýjunardómstólum eða endurskoðunardómstólum (e. court of cassation), en þar sem slíkum dómstólum er til að dreifa verður að hlíta þeim tryggingum sem kveðið er á um í 6. gr., til að mynda að því leyti að með greininni er málsaðilum tryggt aðgengi að dómstólunum í því skyni að fá skorið úr álitafnum varðandi borgaraleg réttindi sín og skyldur (sjá *Zubac gegn Króatíu* [GC], nr. 40160/12, 80.-81. mgr., 5. apríl 2018, og málin sem þar er vísað til). Í þessu sambandi tekur dómstóllinn fram að réttur til aðgangs að dómstólum er ekki algildur, heldur kann hann að vera háður takmörkunum, enda séu þær takmarkanir ekki svo hamlandi að þær rýri sjálfan kjarna réttarins til aðgangs. Slíkar takmarkanir verða einnig að þjóna lögmætum tilgangi, og fyrir hendi verða að vera sanngjörn meðalhófstengsl milli þeirra aðferða sem beitt er og þess markmiðs sem stefnt er að (sjá, meðal margra annarra heimilda, *Stanev gegn Búlgaríu* [GC], nr. 36760/06, 230. mgr., ECHR 2012). Við ákvörðun slíkra takmarkana hafa aðildarríkin tiltekið svigrúm til mats (sama heimild).

16. Dómstóllinn hefur enn fremur viðurkennt að beiting lögbundinna lágmarksfjárhæða (*ratione valoris*) varðandi áfrýjanir til Hæstaréttar sé lögmæt og eðlileg formkrafa í ljósi sjálfs kjarna þess hlutverks Hæstaréttar að fjalla einungis um mál sem hafa þá þýðingu sem krafist er (sjá *Brualla Gómez de la Torre gegn Spáni*, 19. desember 1997, 36. mgr., *Reports of Judgments and Decisions 1997-VIII*, og *Zubac*, sem vísað er til hér að framan, 83. mgr.).

17. Í þessu máli valt áfrýjunarleyfi ekki einvörðungu á lágmarksfjárhæð, heldur var áfrýjun einnig möguleg ef deilan varðaði sérlega knýjandi persónulega eða almenna hagsmuni (sjá 5. og 6. mgr. hér að framan). Þar sem þessar takmarkanir voru augljóslega hóflegar í ljósi þess lögmæta markmiðs að tryggja að Hæstiréttur fjallaði aðeins um mál af tiltekinni þýðingu er ekki

að sjá að þær hafi rýrt kjarna réttarins til aðgangs að dómstóli. Þá kemur dómstóllinn heldur ekki auga á neitt sem bendir til þess að þessum kröfum hafi verið framfylgt af óhóflegri formfestu, eða að þær hafi komið í veg fyrir að kærandi áfrýjaði máli sem hefði verulega persónulega eða almenna þýðingu, þar sem eina eftirstandandi deiluefnið varðaði málskostnað, eins og Hæstiréttur benti á (sbr., að breyttu breytanda, *Labergère gegn Frakklandi*, nr. 16846/02, 20.-23. mgr., 26. september 2006).

18. Af því leiðir að kæruliður þessi er augljóslega illa grundaður og því verður að hafna honum skv. a-lið 3. mgr. og 4. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans.

C. Meint brot gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans

19. 10. gr. er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutrægni dómstóla.“

20. Kærandi taldi að með því að dæma honum ekki málskostnað úr hendi gagnaðila síns í málaferlunum hefði verið brotið gegn rétti hans til tjáningarfrelsis, sem hann taldi að væri í húfi, þar sem málareksturinn hefði varðað ávirðingar um meiðyrði.

21. Dómstóllinn hefur áður fjallað um „kæfandi áhrif“ sem mögulega geta leitt af skyldu til þess að greiða bætur fyrir miska eða greiða kostnað sem til stofnast í tengslum við meiðyrðamál þar sem kærandi, sem stefndi í máli, hefur tapað (sjá m.a. *Nikula gegn Finnlandi*, nr. 31611/96, 54. mgr., ECHR 2002-II, og *Juppala gegn Finnlandi*, nr. 18620/03, 43. mgr., 2. desember 2008). Dómstóllinn hefur einnig talið að skylda til þess að greiða málskostnað gagnaðila í slíku máli geti falið í sér brot gegn 10. gr. þegar kostnaðurinn er ósanngjarn eða óhóflegur í ljósi markmiðsins sem stefnt er að með dóminum (sjá m.a. *MGN Limited gegn Bretlandi*, nr. 39401/04, 219. mgr., 18. janúar 2011).

22. Í þessu máli var kæranda hvorki gert að greiða bætur né málskostnað til gagnaðilans heldur einungis að bera eigin málskostnað þrátt fyrir að hafa unnið málið. Hann hefur ekki haldið fram að sér hafi verið neitað um gjafsókn, eins og rakið er hér að framan (sjá 10. mgr. hér að framan), né heldur hefur hann haldið fram að málskostnaður hafi verið sérlega íþyngjandi eða að hann standi sérstaklega höllum fæti fjárhagslega. Þá hefur kærandi ekki haldið fram að fjárhagslegur aðstöðumunur málsaðila hafi sett sanngirni

málsmeðferðarinnar í uppnám, né heldur að sérlega íþyngjandi sönnunarbyrði hafi verið á hann lögð að því er varðar sannleiksgildi ummæla hans, sem hefði torvelað honum að neyta réttar síns samkvæmt mannréttindasáttmálanum.

23. Í ljósi alls framangreinds telur dómstóllinn að ákvörðunin um málskostnað geti ekki talist íhlutun í tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn telur því að kæra þessi sé augljóslega illa grunduð og hafnar henni með vísan til a-liðar 3. mgr. og 4. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans.

D. Meint brot gegn 14. gr., sbr. 10. gr. mannréttindasáttmálans

24. 14. mgr. er svohljóðandi:

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í [sáttmálanum], skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

25. Að því er varðar kvörtun hans með vísan til 14. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. 10. gr. sáttmálans, taldi kærandi að í ákvörðuninni um málskostnað hefði falist mismunun gagnvart þeim sem standa höllum fæti fjárhagslega að því er varðar tjáningarfrelsi.

26. Rannsókn dómstólsins á þeim gögnum sem fyrir hann voru lögð leiddi ekki ljós nein merki um brot gegn þessu ákvæði. Dómstóllinn telur af þeim sökum að kæra þessi sé augljóslega illa grunduð og hafnar henni með vísan til a-liðar 3. mgr. og 4. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans.

Af framangreindum ástæðum ákveður dómstóllinn með samhljóða atkvæðum,

að kæran sé ekki tæk til meðferðar.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega 5. nóvember 2020.

Anne-Marie Dougin
settur vararitari
forseti

Mārtiņš Mits